

## INNLENT

ORRI PÁLL ORMARSSON  
om@mbl.is

„Allar framkvæmdir af þessu tagi þurfa að hafa sinn lögformlega framgang. Málið er núna í höndum Reykjavíkurborgar og við biðum eftir niðurstöðu borgarráðs. Fyrir er ekki tímabært að fara í samræður við Íbúasamtökin á Kjalarnesi, frekar en aðra landsmenn.“

Arnbór Þórðarson, framkvæmdastjóri Esjuferju ehf.



Útsýnið af Esjunni er engu líkt.

Morgunblaðið/Góli

# „Þetta ör verður ekki afmáð“

Íbúasamtök Kjalarness leggja alfarið gegn áætlunum um svifbraut á Esju og krefjast þess að Reykjavíkurborg hafni beiðni Esjuferju ehf. um að koma upp aðstöðu fyrir kláf í fjallinu. Framkvæmdastjóri Esjuferju segir eðlilegt að skiptar skoðanir séu um verkefnið en ótímabært sé að ræða málið frekar fyrir en borgarráð hefur tekið afstöðu til þess. Verði beiðnin samþykkt fari ferli í gang.

Ég er hræddur um að þetta verði tæpt. Það eru greinilega sterkir aðilar sem standa að baki þessu verkefni og það er merkilegt hvað þeir hafa fengið að ganga langt, þrátt fyrir að allar viðvör- unarbjöllur hringi. Við vonum hins vegar það besta og höldum vöku okkar,” segir Sigbór Magnússon, formaður Íbúasamtaka Kjalarness, en samtökin leggja alfarið gegn því að Reykjavíkurborg undirriti samning um leigu á lóðum í hliðum Esju í tengslum við áætlanir fyrir tækisins Esjuferju ehf um svifbraut ellegar kláf á Esju.

Íbúasamtökin gera líka alvarlegar athugasemdir við stjórnsýslu í tengslum við verkefnið en svifbrautinni sé ekki í samræmi við gildandi skipulag og umsagnaraðilar hjá ríkinu og Reykjavíkurborg vari við framkvæmdunum.

## Skoða þarf aðra staði

Sigbór tekur skýrt fram að andstaða íbúasamtakanna snúist ekki um starfseminna sem slíka, heldur staðsetninguna. Óafturkræft jarðrask verði á allmörgum stöðum í kringum móstur, þjónustustöðvar og bíla- staði, auk þess sem ásynnd svæðisins muni breytast bæði í nálægð og fjarlægð. „Við viljum ekki að þetta ör verði sett í fjallið. Það verður ekki afmáð.“

Hann hefur fylgst með málinu frá upphafi og taldi til að byrja með að

sjálfhætt yrði við áform um svifbraut, ekki síst í ljósi álits stofnana borgarinnar, skógræktarinnar og fleiri aðila. „Satt best að segja hélt ég að skógræktarþátturinn einn og sér dygði til að stöðva framgöngu þessa verkefnis,” segir Sigbór.

Íbúasamtökin sendu frá sér fréttatilkynningu í vikunni, þar sem áformum Esjuferju er mótmælt hástöfum, og hvort sem það var þess vegna, eða af öðrum ástæðum, var mál Esjuferju ekki tekið fyrir á fundi borgarráðs síðastliðinn fimmtudag. „Það var Hverfisráð Kjalarness sem náði að stöðva málið í byrjun sumars. Hefði það ekki gripið inn í væri þetta líklega búið og gert í dag. Inngrip Hverfisráðs stafaði af því að íbúar á Kjalarnesi höfðu undirbúið sig vel og safnað gögnum sem eru aðgengileg á heimasíðu okkar, kjalarnes.is. Þau gögn getur hver sem er skoðað og myndað sér skoðun á málinu,” segir Sigbór.

Spurður hvers vegna hann telji að málið hafi náð svo langt, þrátt fyrir teóda andstöðu, svarar Sigbór:

„Við vitum í hvaða samfélagi við búum og fyrir liggur að eigendur Esjuferju hafa unnið talsvert fyrir Reykjavíkurborg. Kunningjasamfélagið er sterkt. Það veur til dæmis athygli að eigendur Esjuferju eigi sjálfir að framkvæma umhverfismat á staðnum. Til allrar hamingju átti ríkið hins vegar landið en ekki

## Ótímabært að ræða málið á þessu stigi

„Þetta er viðkvæmt mál og viðkvæmt svæði og ósköp eðlilegt að skiptar skoðanir séu um verkefnið,” segir Arnbór Þórðarson, framkvæmdastjóri Esjuferju ehf., um athugasemdir íbúasamtaka Kjalarness við áform um svifbraut á Esju. Honum þykir þó ótímabært að svara athugasemdum samtakanna að svo komnu máli.

„Allar framkvæmdir af þessu tagi þurfa að hafa sinn lögformlega framgang. Málið er núna í höndum Reykjavíkurborgar og við biðum eftir niðurstöðu borgarráðs. Fyrir er ekki tímabært að fara í samræður við Íbúasamtökin á Kjalarnesi, frekar en aðra landsmenn. Fá verkefnið framgang hjá Reykjavíkurborg og löðirnar fást þá fer verkefnið í formlegt umhverfismat, samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar. Það kallar á umsagnar- og kynningarferli og þá fyrst verður tímabært að ræða málið frekar,” segir Arnbór.

Unnið hefur verið að verkefninu undanfarið þrjú ár. „Við höfum haft landslagsarkitekta og húsaarkitekta og veðurfræðinga til samstarfs og ráðgjafar auk erlendra ráðgjafa í kláfamálum. Þá hefur mikil vinna verið lögð í umhverfislega þætti verkefni-

ins. Málið hefur farið fyrir og verið kynnt flestum stofnunum borgarinnar, kynnt fyrir Skógrækt ríkisins og Skógræktarfélagi Reykjavíkur og næstu nágrönnnum verkefnisins í Esjuhlíðum, auk nýverið Hverfisráði Kjalarness. Viðbrögðin hafa viðast verið jákvæð þótt margir þessir aðilar hafa haft uppi ýmis varnaðarorð og er það gott. Háskóli Íslands hefur gert markaðsrannsóknir meðal göngufólks á svæðinu og viðurkennd markaðsrannsóknarfyrirtæki gert rannsóknir á viðhorfum erlendra ferðamanna. Veðurmælingar hafi staðið yfir í rúm tvö ár,” segir Arnbór. Spurður um aðra staðsetningu á fjallinu segir Arnbór það ekki koma til greina af hálfu Esjuferju.

Arnbór er bjartsýnn á að niðurstaða borgarráðs verði Esjuferju í hag enda hafi Reykjavíkurborg verið verkefninu hliðholl til þessa og svo virðist sem ráðamenn þar líti á það sem framfaramál. „Við finnum fyrir vaxandi áhuga á verkefninu.“

Fram hefur komið að verkefnið mun kosta 3 milljarða króna og nýjustu tíðindin í málinu er þau að Arionbanki hefur tekið að sér að annast fjármögnunina.

borgin. Hefði borgin átt landið væri mjög líklega búið að undirrita leigusamninginn.“

Spurður um framhaldið þykir Sigbór eðlilegast að verkefninu verði hafnað án frekari málalenginga. „Borginni ber að hafna þessu verkefni; við blasir að þetta er mikið áhættuspil sem felur bæði í sér umhverfisspjöll og sjónræn spjöll.“

## Borið undir atkvæði

Til vara vill hann að málið verði kynnt betur og borið undir atkvæði meðal íbúa á svæðinu. Eða eins og segir í fréttatilkynningu íbúasamtakanna: „Ef til stendur að gera skipulagsbreytingar til þess að fara í uppbyggingu svæðisins við Mógilsá telja Íbúasamtök Kjalarness nauðsynlegt að efna fyrst til umræðu um aukna möguleika borgarbúa og annarra til útivistar á og við fjallið og í framhaldinu til íbúakosningar um málið. Skoða verði fjölbreyttar hugmyndir um uppbyggingu svæðisins í sátt við náttúruna og í samræmi við nærsamfélagið og hagsmunaaðila, s.s. íbúa í næsta nágrenni við Mógilsá, atvinnurekendur á staðnum og aðra íbúa borgarinnar. Fyrir er ekki tímabært að Reykjavíkurborg undirriti samkomulag um leigu á landi af ríkinu að ósk einkafyrirtækis.“

Við þetta má bæta að íbúar í Kollafirði óskuðu í febrúar sl. eftir upplýsingafundi hjá Umhverfis- og skipulagsviði Reykjavíkur áður en lóðaleigusamningur yrði undirritaður. Sá fundur hefur enn ekki verið haldinn og var send kæra til umbodsmanns borgarbúa 2. júní sl. vegna þess dráttar sem orðið hefur á fundi.

